

að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu, en það ákvæði er beint sett til þess að ná til skattlagningar erlendra umboðslauna. Varakrafa gerðarþola verður því heldur ekki tekin til greina.

Rétt er að geta þess, að enginn ágreiningur hefur komið fram um það, að söluskatturinn sé rétt reiknaður með 2%, ef hann ber að greiða að einhverju eða öllu leyti samkvæmt niðurstöðu réttarins.

Niðurstaða réttarins verður sú, að hið umbeðna lögtak skal fram fara. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fram fara.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 2. júní 1951.

Kærumálið nr. 12/1951.

Sigurður Waage

gegn

**Félagsbúi Gísla Halldórssonar og
Sigríðar Einarsdóttur.**

Setudómari hrl. Theódór B. Línal
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. maí þ. á., sem hingað barzt 19. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 3. tl. 198. gr. laga nr. 85/1936 skotið til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði í úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 15. maí þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja, þar sem málskostnaður var látinn niður falla. Krefst sóknaraðili þess, að ákvæði þetta verði fellt úr gildi og varnaraðilja dæmt að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir skiptarétti í nefndu máli svo og kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Hæstarétti hefur borizt greinargerð af hálfu Sigríðar Einarsdóttur. Krefst hún staðfestingar hins kærða úrskurðar og

kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Eftir málavöxtum ber að fallast á úrlausn skiptaréttarins um málskostnað í framangreindu máli, og verður ákvæði úrskurðarins því staðfest.

Samkvæmt þessum úrslitum greiði sóknaraðili varnaraðilja 250 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Málskostnaðarákvæði skiptaréttar Reykjavíkur í málinu Sigurður Waage gegn félagsbúi Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur á að vera óraskað.

Sóknaraðili, Sigurður Waage, greiði varnaraðilja, Sigríði Einarsdóttur, 250 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 15. maí 1951.

Með beiðni, dags. 28. sept. 1950, krafðist Magnús Thorlacius hrl. f. h. Sigríðar Einarsdóttur, Bólstaðarhlíð 3 hér í bænum, opinberra skipta á félagsbúi hennar og Gísla Halldórssonar vélaverkfræðings hér í bæ í sambandi við hjónaskilnað þeirra, og hófust skipti þessi með uppskrift á búinu, sem byrjaði 9. október f. á.

Innköllun til skuldheimtumanna var ekki gefin út, en hins vegar afhenti Gísli Halldórsson skrá yfir skuldir hússins, miðað við 1. des. 1950. Síðan afhenti hann aðra skrá, dags. 22. des. sama ár, sem skyldi koma í stað hinnar fyrri. Loks afhendir hann skiptaréttinum þriðju skuldaskrána, sem var dags. 15. marz 1951, og kvað hana koma í stað þeirrar, er fyrir var. Á öllum þessum skuldaskrám er tilgreind víxilskuld við S. W., að fjárhæð kr. 20.000.00. Skuld þessa vildi Sigríður Einarsdóttir ekki viðurkenna og krafðist þess, að Gísli Halldórsson gerði grein fyrir því, hver væri skuldareigandi. Þann 17. f. m. voru færðar til bókar í skiptabók þær skuldir, sem Gísli Halldórsson telur, að greiða eigi úr félagsbúinu, og er þar á meðal talin víxilskuld við S. W., kr. 20.000.00. Í því réttarhaldi mætir lögfræðingur og sýnir í réttinum skuldaviðurkenningu Gísla Halldórssonar, þá er lögð hefur verið fram í máli þessu sem réttarskj. nr. 1., en í henni viðurkennir Gísli Halldórsson að vera skuldugur handhafa um kr. 20.000.00. Eigi kvaðst lögfræðingurinn geta skýrt frá því, hver væri eigandi þessarar skuldar, en krafðist greiðslu úr félagsbúinu, að fjárhæð kr. 20.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1949 til greiðsludags og innheimtulaunum samkvæmt taxta M. F. Í. Af hálfu Gísla Halldórssonar var mættur í réttinum Gústaf A. Sveinsson hrl. og lýsir því yfir, að þetta muni vera sama skuldin og getið sé í skuldaskrá Gísla, víxilskuld S. W., og kvaðst hann því

fyrir sitt leyti samþykkja hana. Magnús Thorlacius hrl., sem mættur var af hálfu Sigríðar Einarsdóttur, mótmælti þessari skuld sem rangri og skjalinu sem tilbúningi og skoraði á skuldareiganda að koma fyrir dóm og gefa skýrslu. Þar sem ekki varð samkomulag um að greiða skuld þessa, var ákveðið að taka skuldakröfu þessa fyrir í sérstöku máli, og var réttardagur í málinu ákveðinn 25. f. m. Þann dag mætir síðan í málinu Einar Ásmundsson hrl. og leggur fram umrædda skuldaviðurkenningu og greinargerð, þar sem hann lýsir því, að Sigurður Waage, forstjóri í Sanitas, sé skuldareigandinn, og gerir hann jafnframt kröfu til greiðslu á fjárhæðinni, kr. 20.000.00, auk 6% vaxta frá 1. júlí 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Jafnframt mætti í réttinum Sigurður Waage og lýsti yfir því, að hann ætti kröfu þessa, og hefði hann lánað Gísla Halldórssyni fé þetta 1. júlí 1949. Varnaraðiljar fengu 3 daga frest í máli þessu til að koma með greinargerð. Þann 28. f. m. var mál þetta því næst tekið fyrir aftur, og skiluðu varnaraðiljar þá greinargerð í því. Af hálfu varnaraðilja Gísla Halldórssonar er því haldið fram, að samið hafi verið um vexti af skuldinni og beri því að greiða þá auk höfuðstólsins. Hins vegar neitar hann því, að sér beri að greiða málskostnað, þar sem hann hafi jafnan talið kröfuna rétta, og krafðist þess, að hún yrði greidd af félagsbúinu, og krefst hann þess, ef félagsbúinu verði gert að greiða málskostnað, að Sigríður Einarsdóttir verði úrskurðuð til að greiða hann og hann dreginn frá búshelmingi hennar við endanlega úthlutun úr búinu. Af hálfu varnaraðilja Sigríðar Einarsdóttur er þess krafizt aðallega, að kröfu sóknaraðilja um vöxtu og málskostnað verði hrundið, en til vara, að kröfur þessar falli í hluta Gísla Halldórssonar eins. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, hvernig sem málið fer.

Eftir að aðiljar höfðu flutt mál þetta munnlega fyrir skiptaréttinum, var það tekið undir úrskurð þann 7. þ. m.

Í máli þessu er enginn ágreiningur um það, að búinu beri að greiða aðalfjárhæðina, kr. 20.000.00, en aftur á móti er ágreiningur um það, hvort búinu beri að greiða vexti af kröfu þessari svo og málskostnað.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um vexti á því, að samið hafi verið um vexti af láni þessu frá þeim degi, er lánið var veitt, og beri samkvæmt því að greiða vexti af fjárhæðinni frá 1. júlí 1949 til greiðsludags. Þá telur hann, að málskostnað beri að greiða, þar sem leita hafi þurft dómstólanna til að knýja fram greiðslu. Eins og áður er fram komið, viðurkennir varnaraðili Gísli Halldórsson, að samið hafi verið um vexti af skuld þessari, og felst því á þá kröfu sóknaraðilja, en hins vegar neitar hann greiðslu málskostnaðar úr hendi sér, þar sem hann hafi ætíð verið fús að samþykkja, að greiðsla færi fram.

Varnaraðili Sigríður Einarsdóttir byggir mótmæli sín á greiðslu málskostnaðar á því, að sóknaraðili hafi ekki sjálfur lýst kröfu þessari í búið né kafið búið um greiðslu, áður en hann leitaði aðstoðar lögfræðings. Hefði hann gefið sig fram og látið í té skilríki fyrir kröfu sinni, hefði hún verið greidd samstundis, og sé þessi málarekstur því þarflaus. Þá kveður hún, þar sem vextir eru ekki áskildir í skuldaviðurkenningunni sjálfri,

að hér sé um handhafaskuld að ræða, sem hún hafi verið reiðubúin að samþykkja greiðslu á, þegar gerð hafi verið full grein fyrir henni, geti skuldareigandi ekki krafist vaxta.

Eins og fram er komið í máli þessu, var engin innköllun til skuldheimtumanna gefin út í félagsbúi þessu, enda afhenti Gísli Halldórsson á skiptafundi í búinu 2. des. f. á., skrá yfir þær skuldir, sem hann taldi, að hvíldu á búinu, og þar á meðal var tilgreind víxilskuld við S. W., kr. 20.000.00. Skuld þessari ásamt fleiri skuldum á skránni var mótmælt af Sigríði Einarsdóttur, og skyldi því skiptaráðandi samkvæmt 65. gr. skipta-laganna úrskurða það, hvort krafa þessi yrði tekin til greina. Engin skilríki komu fram fyrir skuld þessari fyrr en í réttarhaldi 17. f. m., og með yfirlýsingu Sigurðar Waage forstjóra í réttarhaldi 25. s. m., þar sem hann lýsir yfir því, að hann sé eigandi hennar. Að þessum upplýsingum framkomnum, var krafan víðurkennd af báðum aðiljum, og ber því að taka hana til greina hér.

Í hinni framlögðu skuldavíðurkenningu eru eigi áskildir vextir af höfuðstól skuldarinnar, og þar sem hér er um handhafaskuld að ræða og ekki sannað gegn mótmælum Sigríðar Einarsdóttur, að samið hafi verið um greiðslu vaxta eða krafa um greiðslu komið fram fyrr en hér í réttinum, verður vaxtakrafan ekki tekin til greina. Þá verður heldur ekki tekin til greina krafa sóknaraðilja um málskostnað á hendur búinu, þar sem telja verður, að sá kostnaður sé tilkominn án nægilegs tilefnis.

Samkvæmt framangreindu verður 20.000.00 króna krafa Sigurðar Waage á hendur félagsbúi Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur tekin til greina án vaxta- og málskostnaðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að allar aðrar málskostnaðarkröfur falli niður.

Því úrskurðast:

Tekin skal til greina 20.000.00 krafa Sigurðar Waage á hendur félagsbúi Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur án vaxta- og málskostnaðar.

Málskostnaður falli niður.
